



Farskólinn
miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra

ÁRSSKÝRSLA 2018



20. apríl 2019
Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra
Bryndís Kristín Þráinsdóttir

Ljósmynd á forsíðu:
Myndin er tekin við útskrift úr námsleiðinni Náms og þjálfun í almennum bóklegum greinum
vorið 2018. Jón Gunnar Helgason tekur við skírteini sínu. Á myndinni er einnig Gígja Hrund
Símonardóttir, þjónustustjóri Farskólans.
Ljósmynd: Farskólinn.

Efnisyfirlit

1. Um Farskólann	5
Stofnun og stofnaðilar.....	5
Stjórn og varastjórn	6
Starfsfólk	7
Leiðbeinendur og verktakar	8
2. Fjárframlög 2018.....	9
3. Um fræðslustarfið í tölum	11
Námskeið	11
Kennslu- og nemendastundir	13
Námsmenn.....	14
4. Fræðslustarfið.....	17
Vottaðar námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins	18
Starfstengd námskeið – persónuleg færni	22
Íslenska fyrir útlendinga.....	24
Fjölmenn – fullorðinsfræðsla fatlaðra.....	25
Námskeið í samstarfi við stéttarfélögin	26
Tómstundanámskeið.....	26
5. Náms- og starfsráðgjöf.....	27
6. Raunfærnimat	31
7. Háskólanám.....	33
8. Gæðastarf.....	35
9. Önnur verkefni	37
Persónuverndarstefna	37
Fræðslustjóri að láni	37
Markviss	37
10. Samstarf.....	39
11. Húsnæði og búnaður	41
12. Starfið framundan.....	43
13. Lokaorð	45
Fylgiskjöl.....	47


1. Um Farskólann

STOFNUN OG STOFNAÐILAR

Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra var formlega stofnaður á Sauðárkróki 9. desember árið 1992 og fékk við það sína eigin skipulagsskrá. Skólinn varð því 25 ára árið 2017. Samkvæmt endurskoðaðri skipulagsskrá, sem samþykkt var af sýslumanninum á Sauðárkróki 16. apríl 2009, eru markmið Farskólans meðal annars að efla endur- og símenntun á Norðurlandi vestra, greina þarfir fyrir fræðslu og standa fyrir hvers konar námi.

Formlegir stofnaðilar að Farskólanum eru: Húnaþing vestra, Húnavatnshreppur, Blönduósbær, Sveitarfélagið Skagaströnd, Akrahreppur og Sveitarfélagið Skagafjörður. Stéttarfélagið Samstaða og Aldan stéttarfélag, Kjölur, stéttarfélag starfsmanna í almannatjónustu. Verslunarmannafélag Skagfirðinga, HSN Sauðárkróki, Fisk Seafood ehf., Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra og Háskólinn á Hólum.

Starfssvæði Farskólans nær frá Hrútafirði í vestri (með gamla Bæjarhreppi) og til miðs Tröllaskaga í austri. Norðurland vestra er 13.091 km² eða 12,7% af flatarmáli Íslands. Sjá mynd 1. Undanfarin ár hefur íbúum á Norðurlandi vestra fækkað. Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands voru íbúar á Norðurlandi vestra 7.195 þann 1. janúar árið 2018.



Mynd 1. Myndin sýnir starfssvæði Farskólans

STJÓRN OG VARASTJÓRN

Samkvæmt skipulagsskrá sitja fimm aðalmenn í stjórn Farskólans og er hún kosin til tveggja ára í senn. Ný stjórn var kosin á aðalfundi Farskólans 10. maí 2017. Formaður stjórnar er Guðmundur Finnbogason frá stéttarfélaginu Samstöðu. Sjá töflu 1.

Tafla 1. Stjórn Farskólans 2018.

Stofnun / samtök	Aðalfulltrúar	Varafultrúar
Stéttarfélög	Guðmundur Finnbogason	Þórarinn Sverrisson
Fyrirtæki og stofnanir	Guðrún Sighvatsdóttir	Herdís Klausen
Sveitarfélög	Halldór G. Ólafsson	Þóra Sverrisdóttir
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	Ingileif Oddsdóttir	Þorkell Þorsteinsson
Hólaskóli – háskólinn á Hólum	Erla Björk Örnólfsdóttir	Hjördís Gísladóttir

Árið 2018 voru haldnir fjórir formlegir stjórnarfundir. Auk þess var aðalfundur haldinn 30. apríl og vorfundur Farskólans, sem var stefnumótunarfundur, var haldinn í fjarnámsstofunni á Skagaströnd 11. júní. Á vorfundinum voru gildi Farskólans ákveðin og valin: Gildin eru: **Framsækni, virðing og sveigjanleiki.**



***Stjórn.** Frá jóla fundi stjórnar Farskólans 2018. Frá vinstri: Erla Björk Örnólfsdóttir, Guðrún Sighvatsdóttir, Þorkell Þorsteinsson, Bryndís Bráinsdóttir, Halldór Ólafsson og Guðmundur Finnbogason, formaður. Ljósmynd: Farskólinn.*

STARFSFÓLK

Árið 2018 störfuðu fimm fastir starfsmenn hjá Farskólanum í tæplega fimm stöðugildum: Tveir starfsmenn til viðbótar störfuðu fyrir Farskólann; annar í bókhaldi og kom frá bókhaldsstofunni KOM og hinn sá um að vakta kvöldnámskeið á Faxatorgi á Sauðárkróki og fylgjast með húsnæði og tæknimálum vegna Skype útsendinga til námsveranna. Starfsmenn voru:

- Bryndís Kristín Þráinsdóttir: Framkvæmda- og verkefnastjórn.
- Gígja Símonardóttir: Símsvörun, utanumhald skráninga, Inna, reikningar.
- Halldór B. Gunnlaugsson: Verkefnastjórn; námskeið fyrir atvinnulífið, háskólanám, kennsla.
- Jóhann Ingólfsson: Verkefnastjórn; íslenskunámskeið, háskólanám, tæknimál, kennsla.
- Sandra Hilmarsdóttir: Verkefnastjórn; náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimat, námskeið fyrir Fjölmenn, námsleiðir, kennsla.
- Sunna Dögg Þorsteinsdóttir: Gæsla á kvöldnámskeiðum.
- Margrét Guðmundsdóttir frá KOM, bókhaldsstofu: Bókhald.

Gígja Símonardóttir kom úr barneignarleyfi í lok apríl og þá lét Nanna Andrea Jónsdóttir af störfum.



Starfsfólk Farskólans á leið í sumarfrí í júnílok 2018. Frá vinstri: Bryndís Þráinsdóttir, Sandra Hilmarsdóttir, Gígja Símonardóttir, Nanna Jónsdóttir og Jóhann Ingólfsson. Á myndina vantar Halldór Gunnlaugsson. Mynd: Farskólinn.

LEIÐBEINENDUR OG VERKTAKAR

Í gæðahandbók Farskólans 2016 – 2017 sem birt er á heimasíðu skólans segir: „Farskólinn leitast við að ráða leiðbeinendur sem hafa fagmenntun/sérfræðipækkingu og/eða kennsluréttindi á því sviði sem kennt er s.s. ef um réttinda- eða einingabært nám er að ræða. Ef ekki fæst leiðbeinandi með kennsluréttindi eða einstaklingur með fagmenntun til verksins er leitast við að ráða eins hæfan einstakling og mögulegt er. Í öðru námi svo sem eins og á tómstundanámskeiðum er horft til sérfræðipækkingar og færni leiðbeinandans án formlegrar menntunar á því sviði“ (Gæðahandbók Farskólans 2016 – 2017).

Leiðbeinendur á námskeiðum Farskólans eru nánast allir verktakar. Þeir verktakar sem komu að kennslu á „félagsliðabré“ og á „leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabré“ voru flestir framhaldsskólakennarar. Það sama má segja um leiðbeinendur í námsleiðinni „Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum“. Leiðbeinendur á íslenskunámskeiðum voru grunn- og framhaldsskólakennarar.

Verkefnastjórar Farskólans gera verktakasamning við leiðbeinendur á stærri námskeiðum þar sem fram kemur: heiti verkefnis, nafn verktaka, kennitala og bankaupplýsingar, verktakagreiðslur, vísan í gæðamál og hvernig skuli fara með greiðslur til hins opinbera.



Myndin er tekin við útskrift úr Námi og þjálfun vorið 2018. Gísli Árnasyni, stærðfræðikennara, þökkud góð störf í námsleiðinni „Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum“. Ljósmynd: Farskólinn.

2. Fjárframlög 2018

Í þessum kafla er fjallað um styrki og fjárframlög til Farskólans frá hinu opinbera, Fræðslusjóði og stofnaðilum Farskólans. Nánar er fjallað um fjárframlög samhliða umfjöllun um einstök verkefni síðar í ársskýrslunni.

Á fjárlögum fyrir árið 2018 fékk Farskólinn styrki til reksturs Farskólans og eflingar háskólanáms að upphæð 31,9 milljónir króna og viðbótarframlag að upphæð 2,9 milljónir króna. Farskólinn fékk framlög úr Fræðslusjóði til að kenna vottaðar námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Farskólinn var einnig í samstarfi við Fjölmenn – fullorðinsfræðslu fatlaðra. Stofnaðilar greiddu vildargjöld til Farskólans samkvæmt ákvörðun aðalfundar 2017. Sjá töflu 2.

Tafla 2. Taflan sýnir helstu framlög og styrki til Farskólans árið 2018.

Framlag frá	Verkefni	Styrkupphæð
Mennta- og menningarmálaráðuneytið	Rekstur Farskólans, ýmis verkefni, háskólanám.	31.900.000,-
	Viðbótarframlag nýtt til verkefna á sviði ráðgjafar og raunfærnimats.	2.900.000,-
	Íslenska fyrir útlendinga (Rannís).	1.850.000,-
Stofnaðilar	Greitt vildargjald stofnaðila	1.505.600,-
Fræðslusjóður	Vottaðar námsleiðir FA, náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimat (eftir leiðréttingu/endurgreiðslu 2018)*.	19.026.280,-
Samtals:		57.181.880,-

*Ekki er tekið tillit til fjármuna sem fluttir voru frá árinu 2017 til ársins 2018.

Framlög frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu


Samningur við mennta- og menningarmálaráðuneytið rann út í lok ársins 2018 og í kjölfarið var gerður viðauki við samninginn til eins árs. Í samningnum segir meðal annars í 1. grein, um markmið og starfsemi, að Farskólinn mun: „vinna að markmiðum framhaldsfræðslulaga nr. 27/2010 með því að reka miðstöð framhaldsfræðslu á Norðurlandi vestra; greina þarfir fyrir fræðslu og bjóða upp á ráðgjöf, raunfærnimat og námskeið fyrir markhópa. Farskólinn skal veita þjónustu á sviði framhaldsfræðslu og þróa hana meðal annars í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Fræðslusjóð og aðra hlutaðeigandi aðila ... vera með fjarnáms- og kennsluaðstöðu, vegna framhaldsfræðslu og þjónustu við nemendur á háskólastigi eftir því sem þörf er á og fjárhagur leyfir ... miðað er við að minnst 66% framlags skv. samningi fari í reglubundinn rekstur

framhaldsfræðslu, sbr. 9. gr. laga um framhaldsfræðslu“ (Úr samningi við mennta og menningarmálaráðuneytið árið 2014).

Á Fjárlögum 2018 var framlag til Farskólans samtals 31,9 milljónir króna. Farskólinn fékk viðbótarframlag á haustdögum 2018 upp á 2,9 milljónir króna. Það framlag var að mestu leyti nýtt á sviði ráðgjafar og raunfærnimats.

Samkvæmt samningnum í gegnum svokallaða Norðvesturnefnd frá árinu 2008 er gert ráð fyrir einu stöðugildi hjá Farskólanum til að efla háskólanám á Norðurlandi vestra. Sá samningur er enn í gildi.

Mynd 2 sýnir yfirlit yfir rekstrartölur Farskólans frá árinu 2008 til ársins 2018 og sýnir myndin breytingar á umfangi starfseminnar á tímabilinu. Nánari skýringar eru í ársreikningi fyrir 2018.




Mynd 2. Myndin sýnir rekstrartölur í þúsundum króna árin 2008 – 2018.

3. Um fræðslustarfið í tölum

NÁMSKEIÐ

Námskeið Farskólans eru gerð upp tvisvar á ári; við lok vorannar og við lok haustannar. Þau námskeið sem ná yfir áramót eða sumarfrí teljast sem tvö námskeið; fyrri hluti og seinni hluti.

Árið 2018 voru haldin samanlagt 106 námskeið og fyrirlestrar af öllum stærðum og gerðum; 49 námskeið á vorönn og 57 námskeið á haustönn. Í viðauka eru öll námskeiðin talin upp ásamt nánari upplýsingum um þau. Námskeiðum fækkaði um sex námskeið á milli ára eða um 5%. Sjá nánar á mynd 3.




Mynd 3. Myndin sýnir fjölda námskeiða á hverju ári frá 2009 – 2018.

Námskeiðsflokkar

Námskeið Farskólans 2018 voru, eins og undanfarin ár, flokkuð í eftirfarandi fimm flokka:

- Vottaðar námsleiðir FA sem voru fjármagnaðar af Fræðslusjóði.
- Námskeið sem tengdust **störfum** fólks eða voru til að efla persónulega færni þess.
- Íslenskunámskeið sem styrkt voru af mennta- og menningarmálaráðuneytinu (Rannís).
- Námskeið sem styrkt voru af Fjölmennt og ætluð skjólstæðingum þeirra.
- Tólstundanámskeið.


Farskólinn leggur mesta áherslu á að bjóða upp á vottaðar námsleiðir FA fyrir markhópin og nám sem tengist störfum fólks úti í atvinnulífinu. Starfstengd námskeið voru samtals 70 árið 2018. Sjá nánar um fjölda námskeiða í hverjum flokki á mynd 4.



Mynd 4. Myndin sýnir fjölda námskeiða/fyrirlestra eftir flokkum frá árinu 2014.

Hvar voru námskeiðin haldin?


Flest námskeið voru haldin í Skagafirði eða 63 námskeið og þar af 58 á Sauðárkróki. Á Hvammstanga voru haldin 13 námskeið (6 árið 2017) og 12 á Blönduósi (17 árið 2017). Níu námskeið voru kennd í gegnum Skype. Má þar nefna Leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabré, Félagsliðabré og Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum. Sjá nánar á mynd 5.



Mynd 5. Myndin sýnir hvar námskeið Farskólans voru haldin árið 2018.

KENNSLU- OG NEMENDASTUNDIR

Árið 2018 voru kennslustundir á námskeiðum **1.899** að tölu (2.222 árið 2017). Hver kennslustund var 40 mínútur að lengd. Árið 2018 voru nemendastundir **20.234** (21.234 árið 2017). Nemendastundum fækkaði um tæp 5% milli ára. Nemendastundir eru fundnar með því að margfalda saman fjölda þátttakenda og fjölda kenndra stunda á hverju námskeiði fyrir sig og leggja tölurnar síðan saman. Sjá mynd 6.




Mynd 6. Fjöldi nemendastunda frá árinu 2009..

NÁMSMENN

Fjöldi námsmanna, kynjaskipting og aldur

Árið 2018 stunduðu **1.335** námsmenn nám (1.133 árið 2017) í Farskólanum. Námsmönnum fjölgaði um tæp 18% á milli ára. Konur voru 1.079 (892 árið 2017) og karlar voru 255 (241 árið 2017). Karlar voru tæplega 20% námsmanna árið 2018 og hefur þeim fækkað hlutfallslega undanfarin ár. Sjá mynd 7.



Mynd 7. Myndin sýnir fjölda karla og kvenna á námskeiðum Farskólans frá árinu 2009.


Árið 2018 var meðalaldur námsmanna Farskólans **46 ár** (47 ár árið 2017). Flestir námsmenn voru 55 ára. Elsti námsmaðurinn 73 ára (88 ára árið 2017) og sá yngsti var 15 ára (17 ára 2017).

Þegar búið er að taka tillit til þeirra sem komu oftar en einu sinni á námskeið þá voru námsmenn eða kennitölur **947** að tölu (833 árið 2017).

Skipting námsmanna eftir námskeiðsflokkum

Þátttakendum á starfstengdum námskeiðum fjölgaði verulega á milli árunna 2015 og 2016 og var skýringin sú að þá var Farskólinn farinn að skipuleggja og halda utan um námskeið í kjölfar

„Fræðslustjóra að láni“ hjá HSN – heilbrigðisstofnun Norðurlands og sveitarfélaginu Skagafirði. Um 61% námsmanna árið 2018 sóttu starfstengd námskeið. Sjá mynd 8.




Mynd 8. Myndin sýnir fjölda námsmanna eftir námskeiðsflokkum.




Fundarmenn á vörfundi Farskólans 2018 rýna í niðurstöður fundarins. Ljósmynd: Farskólinn.

Búseta námsmanna

Flestir námsmenn Farskólans komu frá Sauðárkróki eða 605 námsmenn en það eru 45% námsmanna. Frá Varmahlíð komu 104 námsmenn. Frá Blönduósi komu 123 námsmenn og frá Hvammstanga komu 94 námsmenn. Sjá nánar mynd 9 sem sýnir hvar námsmenn áttu lögheimili.



Mynd 9. Myndin sýnir búsetu þeirra námsmanna sem sóttu námskeið í Farskólanum árið 2018.



Myndin sýnir þau gildi sem valin voru fyrir Farskólann á vörfund 2018. Ljósmynd: Farskólinn.

4. Fræðslustarfið

Útgáfa námsvísa - kynningarstarf

Árið 2018 gaf Farskólinn út tvo námsvísa þar sem námskeið voru auglýst og þjónusta skólans vandlega kynnt ásamt því að tekin voru viðtöl við fyrrum námsmenn Farskólans, þau Dagnýju Marín Sigmarsdóttur, frá Skagaströnd og Stefaníu Hjördísi Leifsdóttur frá Brúnastöðum í Fljótum.

Dagný Marín útskrifaðist sem svæðisleiðsögumaður í janúar 2018. Dagný hefur einnig um árabíl séð um Spákonuhofið á Skagaströnd.



Ég hef verið að vinna við ferðaþjónustu undanfarin ár og sá að þetta nám gæti nýst mér í þeirri vinnu og einnig aukið almenna þekkingu mína á Norðurlandi vestra. Mér gekk bara alveg ágætlega í náminu. Ég þurfti alveg að hafa fyrir því og satt að segja hugsaði ég stundum, hvað var ég nú að gera með að byrja í þessu námi. En svona eftir á þá verð ég bara að segja það, að mér finnst ég hafa lært alveg helling og er full af fróðleik um land og þjóð.

Dagný Marín Sigmarsdóttir frá Skagaströnd.

Stefanía Hjördís sótti námskeiðið „Matarsmiðja – Beint frá býli“ ásamt því að taka þátt í námskeiðum sérstaklega ætluðum bændum haustið 2018.



Á námskeiðinu eru þátttakendur leiddir í gegnum alla helstu þætti heimavinnslu, t.d. hreinlætis- og örverufræði, úrvinnslu kjöts, gæðahandbók, markaðssetningu, rekstur og afkomu, auk þess sem starfsmaður MAST kom og fór yfir lög og reglugerðir. Við fengum einnig marga gestafyrirlesara og fórum í heimsóknir í fyrirtæki ... Námskeiðið gerir mann tvímælalaust öruggari í því sem maður er að velta fyrir sér að gera í sambandi við heimavinnslu afurða.

Stefanía Hjördís Leifsdóttir, bóndi að Brúnastöðum.

VOTTAÐAR NÁMSLEIÐIR FRÆÐSLUMIÐSTÖÐVAR ATVINNULÍFSINS

Árið 2018 námu framlög Fræðslusjóðs vegna vottaðra námsleiða **12.010.000 kr.** (12.9 millj. 2017) Markmið ársins 2018 náðust og var unnið fyrir 263 þúsund umfram það sem kveðið var á um í samningi, varðandi nýtingu fjármagns frá Fræðslusjóði.

Árið 2018 voru kenndar í Farskólanum sex vottaðar námsleiðir FA. Mennta- og menningar- málaráðuneytið hefur samþykkt að meta megi námsleiðirnar til framhaldsskólaeininga. Af þeim voru fimm fjármagnaðar af Fræðslusjóði en ein var fjármögnuð með styrk frá Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra þar sem ekki nógu margir námsmenn tilheyrðu markhópi framhaldsfræðslunnar. Þess má geta að verkefnastjórar skrifa formlega skýrslu um öll fræðsluverkefni sem fjármögnuð eru af Fræðslusjóði. Sjá töflu 3.

Tafla 3. Taflan sýnir vottaðar námsleiðir, fjármagnaðar af Fræðslusjóði, sem kenndar voru árið 2018.

Námsleið FA	Hlutfall *	Hvar haldin	Athugasemdir
Nám og þjálfun í alm. bókl. gr. (9)	70%	Sauð, Blö, Hva.	Skype. Lokið 2018.
Félagsliðabréf	25%	Sauðárkr, Hva., Blö., Skag	Skype. Lokið 2018.
Matarsmiðja – Beint frá býli	100%	Skagafjörður.	Bændur. Lokið 2018.
Leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabréf	25%	Sauð., Blö.	Skype. Frá h 2018.
Nám og þjálfun í alm. bókl. gr (10)	30%	Sauð., Blö., Skagas., Hva.	Skype. Lýkur v 2019.
Matarsmiðja – Beint frá býli	50%	Húnavatnssýslur.	Bændur. Lýkur v 2019. SSNV styrkir.

*Þessi dálkur sýnir hversu stór hluti námsleiðarinnar var kenndur árið 2018.

Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum

Haustið 2017 hófst níunda námskeiðið í Námi og þjálfun í almennum bóklegum greinum; ensku, dönsku, íslensku og stærðfræði hjá Farskólanum. Frá desember 2007 hafa námskeiðin, sem hvert og eitt er 300 kennslustundir að lengd, verið kennd í náinni samvinnu við Fjölbautaskóla Norðurlands vestra. Fjölbautaskólinn hefur metið námið inn í sinn skóla svo framfarlega sem námsmenn standast kröfur þess. Margir námsmanna hafa sótt helgarnám í húsasmíði hjá FNV á sama tíma. Þessum hópi hentar vel að geta sótt bóklega námið eftir vinnu á daginn. Þátttakendur taka ekki formleg próf heldur hafa þeir skilað verkefnum, bæði í kennslustundum og með skilum á heimavinnu. Í hvern námsþátt er 80% mætingarskylda og gerð er krafa um virkni í tímum. Flestir leiðbeinendur hafa verið kennarar við fjölbautaskólann.



Frá útskrift úr Námi og þjálfun í almennum bóklegum greinum vorið 2018. Ljósmynd: Farskólinn.

Á vorönn 2018 útskrifuðust samtals 15 námsmenn úr Námi og þjálfun. Það ber að nefna að sumir þeirra höfðu lokið einhverjum áföngum fyrr og fengu þá metna inn í námsleiðina.

Haustið 2018 hófst nýtt námskeið í Námi og þjálfun og er sú námsleið númer tíu í röðinni. Námsmenn eru samtals 15. Síðarnefnda námskeiðinu lýkur í maí 2019. Verkefnastjóri beggja verkefnanna er Bryndís Þráinsdóttir.



Myndin sýnir veisluhlaðborð þátttakenda við skólaslit matarsmiðjunnar - Beint frá býli. Ljósmynd: Farskólinn.

Félagsliðabréf

Vorið 2018 útskrifuðust 10 félagsliðar hjá Farskólanum að loknu raunfærnimati og síðar tveggja ára námi. Félagsliðabréfið var kennd í samstarfi við SÍMEY á Akureyri. Leiðbeinendur komu langflestir frá Verkmenntaskólanum á Akureyri. Verkefnastjóri var Sandra Hilmarsdóttir.



Ljósmyndin er tekin af útskriftarhópi af félagsliðabréfi vorið 2018. Ljósmynd: Farskólinn.

Matarsmiðja – Beint frá býli

Matarsmiðja – Beint frá býli var kennd á vorönn 2018. Nokkurn tíma tók að koma námsleiðinni af stað en ástæða þess var sú, að þrátt fyrir mikinn áhuga og góða skráningu, voru of fáir sem skráðu sig úr svokölluðum markhópi framhaldsfræðslunnar. Alls voru þátttakendur 18 talsins og átta af þeim töldust til markhóps framhaldsfræðslunnar. Þar af leiðandi styrkti Fræðslusjóður námskeiðið.

Beint frá býli er 120 kennslustunda nám. Námskráin var sérstaklega aðlöguð að bændum sem margir hverjir voru farnir að huga að heimavinnslu afurða sinna eftir að afurðaverð til þeirra lækkaði verulega hjá afurðastöðvum. Nánir samstarfsaðilar í verkefninu voru meðal annars BioPol á Skagaströnd en námsmenn fengu, hver og einn, einn dag í Vörusmiðju BioPol til að þróa og vinna afurðir sínar.

Helstu námsþættir í matarsmiðjunni voru: Hreinlætis- og örverufræði, vélar og tæki, hráefnisfræði, úrvinnsla kjöts, ostagerð, næringarfræði, aukaefni í matvælum, gæðahandbók, markaðsmál og fleira. Allar kennslustundir voru teknar upp og höfðu þátttakendur aðgang að fyrirlestrunum á netinu. Margir af þeim sem sóttu námskeiðið tóku þátt í Bændamarkaði á Hofsósi sumarið 2018 og síðastliðið haust, að lokinn sláturtíð, seldu þeir hinir sömu afurðir sínar beint frá býli.

Nýtt námskeið hófst í Húnavatnssýslum á haustmánuðum 2018 í samstarfi við SSNV og BioPol. Fyrri hluti þess var kenndur til skiptis á Blönduósi, Skagatrönd og Hvammstanga, haustið 2018. Námskeiðinu lýkur á vorönn 2019.

Helstu leiðbeinendur matarsmiðjanna voru: Þórhildur Jónsdóttir, matreiðslumeistari og verkefnastjóri Vörusmiðju BioPol á Skagatrönd og Páll Friðriksson, kjötiðnaðarmeistari og kennari. Auk þess komu fjölmargir gestafyrirlesarar að smiðjunum; frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands, MAST, SSNV og fleirum.

Halldór Gunnlaugsson stýrði matarsmiðjunum.



Frá útskrift námsmanna af „Matarsmiðjunni – Beint frá býli“ vorið 2018. Verkefnastjóri smiðjunnar: Halldór Gunnlaugsson er lengst til hægri. Ljósmynd: Farskólinn.

Leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabréf

Nýtt nám á leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabréf hófst haustið 2018. Þetta er í annað sinn sem Farskólinn skipuleggur og heldur utan um brúna. Samtals eru þátttakendur 15, allt konur og koma þær úr Austur - Húnavatnssýslu, Sauðárkróki og Varmahlíð.

Leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabréfið er samstarfsverkefni Farskólans og SÍMEY, símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar. Gert er ráð fyrir að námskonur útskrifist vorið 2020. Verkefnastjóri er Jóhann Ingólfsson.

STARFSTENGD NÁMSKEIÐ – PERSÓNULEG FÆRNI

Námskeiðsröð fyrir bændur

Haustið 2018, í kjölfar Matarsmiðjunnar – Beint frá býli, var boðið upp á svokallaða námskeiðsröð fyrir bændur. Hugmyndir að innihaldi námskeiðanna komu meðal annars frá bændum sjálfum. Má þar nefna námskeiðin: Úrbeining á kind, fars-, pylsu- og bjúgnagerð, hráplysugerð og söltun og reyking. Samtals voru haldin átta námskeið. Námskeiðin voru haldin í Vörusmiðju (vottað vörueldhús) BioPol á Skagaströnd. Leiðbeinendur voru: Þórhildur Jónsdóttir, matreiðslumeistari og Páll Friðriksson, kjötiðnaðarmeistari. Samtals sóttu 51 einstaklingar þessi námskeið sem öll nema eitt stóðu yfir í heilan dag. Námskeiðin voru fyrst og fremst hugsuð með þarfir bænda í huga en þó voru þau opin öllum.



Frá námskeiðinu „Úrbeining á kind“ í vörusmiðju BioPol á Skagaströnd haustið 2018. Ljósmynd: Farskólinn.

Námskeiðsröðin fyrir bændur er gott dæmi um það hvernig fræðslu- og símenntunarmiðstöð eins og Farskólinn getur brugðist skjótt við breyttum aðstæðum á vinnumarkaði á sínu heimasvæði. Í þetta sinn beindust sjónir Farskólans að bændastéttinni á Norðurlandi vestra í kjölfarið á lækkuðu afurðaverði til þeirra. Halldór Gunnlaugsson, verkefnastjóri bændaraðarinnar, var í góðu sambandi við félög bænda um allt Norðurland vestra.



Árið 2018 voru mörg og fjölbreytt námskeið haldin og þátttaka á þeim góð. Það sem stendur upp úr í mínum huga er hversu vel okkur hefur tekist að ná til bænda. Bændur (ásamt t.d. sjómönnum) er einn af þeim hópum í samfélaginu sem margar símenntunarmiðstöðvar hafa reynt að höfða til í gegnum árin, en sú vinna sjaldan skilað tilætluðum árangri. Árið 2018 urðu þáttaskil í þessu hér hjá okkur í Farskólanum og hafa bændur aldrei verið stærra hlutfall þátttakenda en í ár og námskeið ætluð bændum hafa aldrei verið fleiri. Ástæður þessa eru meðal annars tilkoma Vörusmiðjunnar á Skagaströnd, frábærir kennarar og gestafyrirlesarar, einstaklega gott samstarf og stuðningur SSNV og Biopol. Einnig verð ég að nefna hversu vel svæði okkar býr, að duglegum og framsýnum bændum.

Halldór Gunnlaugsson, verkefnastjóri .

Fræðsluáætlanir – starfstengd námskeið

Farskólinn skipulagði og hélt utan um fræðslu fyrir sveitarfélagið Skagafjörð samkvæmt fræðsluáætlun. Má þar nefna nokkur námskeið í skyndihjálpi. Leiðbeinandi var Karl Lúðvíksson, þrautreyndur skyndihjálparkennari. Einnig voru haldin námskeið til að efla starfsanda og bæta samskipti á vinnustað. Sem dæmi um námskeið má nefna: Að byggja brýr í samskiptum, að veita framúrskarandi þjónustu og erfið starfsmannamál. Leiðbeinandi var Eypór Eðvarðsson frá Þekkingarmiðlun. Námskeið fyrir starfsfólk skólamötuneyta var haldið á Hofsósi. Leiðbeinandi var: Borghildur Blöndal, framhaldsskólakennari. Tvö tölvunámskeið voru haldin á vorönn og var leiðbeinandi Hermann Jónsson.

Nokkur námskeið voru haldin fyrir HSN – heilbrigðisstofnun Norðurlands á Sauðárkróki og Blönduósi. Sem dæmi má nefna nokkur námskeið í skyndihjálpi, námskeið um gæðahandbók og starfsmannasamtöl. Námskeið um þjónandi leiðsögn voru haldin. Leiðbeinendur á þeim voru: Ingunn Eir Eyjólfsdóttir og Brynja Vignisdóttir. Verkefnastjóri ofangreindra verkefna var Halldór Gunnlaugsson.

Hjá sveitarfélaginu Húnaþingi vestra voru haldin sex námskeið sem féllu undir fræðsluáætlun. Má þar nefna námskeiðin: Borðum okkur til betri heilsu. Leiðbeinandi var Sólveig Sigurðardóttir. Skyndihjálparnámskeið þar sem Einar Óli Fossdal, sjúkraflutningamaður, leiðbeindi. Einnig var haldinn fjölmennur fyrirlestur um kvíða barna og unglinga. Fyrirlesari var Sólveig Rósa Davíðsdóttir, sálfræðingur. Verkefnastjóri með fræðsluáætlun í Húnaþingi vestra var Jóhann Ingólfsson.

Farskólinn gerði samning við Kaupfélag Skagfirðinga árið 2016 um að skipuleggja og halda utan um námskeið er tengjast öryggismálum; tölvuöryggi, skyndihjálpi og brunavörnum. Árið 2018 voru haldin þrjú námskeið í skyndihjálpi og voru námsmenn 24. Leiðbeinandi var Karl

Lúðvíksson, framhaldsskóla- og skyndihjálparkennari. Jóhann Ingólfsson var verkefnastjóri KS verkefnanna.



Eitt af verkefnum Farskólans er að halda utan um fræðsluáætlanir fyrirtækja og stofnana. Í Fræðsluáætlunum gefur að líta fjölbreytt úrval námskeiða s.s. skyndihjál, brunavarnir og tölvuöryggi. Einnig er þar að finna námskeið sem hugsuð eru til að styrkja þátttakendur s.s. námskeið um álag, streitu og kulnun, sjálfsmynd og samtalstækni að ógleymdum hópeflisnámskeiðunum sem hugsuð eru til að þjappa saman starfsfólki og léttu andann. Markmiðið með fræðsluáætlunum er að efla og styrkja fólk og gera það að betri og ánægðari starfsmönnum.

Jóhann Ingólfsson, verkefnastjóri.

ÍSLENSKA FYRIR ÚTLENDINGA

Farskólinn sótti um styrk til Rannís til að kenna sex námskeið í íslensku fyrir útlendinga árið 2018 fyrir 60 þátttakendur. Styrkurinn hljóðaði upp á 1.850.000 kr. Haldin voru sex námskeið fyrir 43 þátttakendur; tvö á vorönn og fjögur á haustönn. Markmið ársins náðust.

Árið 2018 voru haldin þrjú námskeið á Hvammstanga og þrjú á Sauðárkróki. Nokkur eftirspurn er eftir íslenskunámskeiðunum og mun hún væntanlega aukast næstu misserin með komu flóttafólks frá Sýrlandi til Blönduóss og Hvammstanga.



Frá útskrift í íslensku fyrir útlendinga. Námsmenn ásamt leiðbeinanda sínum: Söru Níelsdóttur. Ljósmynd: Farskólinn.

Í íslenskunáminu var stuðst við námsefnið: „Íslenska fyrir alla“, eftir Sólborgu Jónsdóttur og Þorbjörgu Halldórsdóttur. Auk þess styðjast leiðbeinendur við eigið efni og efni af netinu.

Þeir leiðbeinendur sem kenndu á íslenskunámskeiðunum árið 2018 voru flestir reynslumiklir og vel menntaðir kennarar. Þeir voru: Sigrún Þórisdóttir, sérkennari og náms- og starfsráðgjafi, Húnaþingi vestra, Sara Níelsdóttir, framhaldsskólakennari við FNV og Nanna Andrea Jónsdóttir, B.Ed. Skýrsla var send til Rannís vegna íslenskunámskeiða ársins 2018 eins og undanfarin ár. Verkefnastjóri íslenskunámskeiðanna var Jóhann Ingólfsson.

FJÖLMENNT – FULLORÐINSFRÆÐSLA FATLAÐRA

Í samvinnu við Fjölmennt – fullorðinsfræðslu fatlaðra voru haldin fjögur námskeið árið 2018, öll á Sauðárkróki. Á vorönn voru haldin námskeið í tónlist og myndlist og á haustönn voru haldin námskeið í gerð smárétta og tækjaleikfimi. Leiðbeinendur voru Kristín Halla Bergsdóttir, tónlistarkennari, Kristín Ragnarsdóttir, myndlistarkona, Ásta Búadóttir, matreiðslumeistari og kennari og Guðrún Tryggvadóttir, B.A. í sálfræði og einkapjálfari. Þátttakendur voru samtals 18. Konur voru 12 og karlar voru 6.



Ljósmyndin er tekin á námskeiði í tækjaleikfimi á Sauðárkróki. Ljósmynd: Farskólinn.

Sandra Hilmarsdóttir sá um skipulagningu vegna námskeiðanna fyrir Fjölmennt á fyrri hluta ársins 2018 en Bryndís Þráinsdóttir tók við verkefnastjórn um haustið. Verkefnastjóri skilaði skýrslu um framkvæmd námskeiðanna til Fjölmenntar.

Á haustdögum heimsótti fulltrúi frá Fjölmennt, Jarþrúður Þórhallsdóttir, einhverfuráðgjafi, Norðurland vestra og fór um svæðið ásamt framkvæmdastjóra Farskólans. Tengiliðir og vinnustaðir á Hvammstanga, Blönduósi og Sauðárkróki voru heimsóttir og rætt um möguleg fræðsluverkefni næstu misserin.

NÁMSKEIÐ Í SAMSTARFI VIÐ STÉTTARFÉLÖGIN

Haustið 2018 voru haldin fimm námskeið í samstarfi við stéttarfélögin Ölduna, Samstöðu, Kjöl, SFR og Verslunarmannafélag Skagafjarðar. Það má segja að efni námskeiðanna hafi fjallað um einhvers konar valdeflingu í starfi. Námskeiðin voru: Allt um Google. Leiðbeinandi var Hermann Jónsson. Námskeiðið: Langar þig að vera óstöðvandi var haldið á Hvammstanga og Sauðárkróki og var leiðbeinandi Bjartur Guðmundsson, leikari. Námskeið um álag, streitu og kulnun voru haldin á Blönduósi og Sauðárkróki og var Eypór Eðvarðsson leiðbeinandi. Verkefnastjóri með stéttarfélagsnámskeiðunum var Halldór Gunnlaugsson.

TÓMSTUNDANÁMSKEIÐ

Árið 2018 voru haldin 20 (22 námskeið árið 2017) tómstundanámskeið. Heldur hefur dregið úr fjölda tómstundanámskeiða undanfarin ár. Sem dæmi um tómstundanámskeið má nefna námskeið fyrir fólk sem stundar útivist og hreyfingu, um bættu öndun og aukna súrefnisinntöku. Leiðbeinandi var Birgir Skúlason, alþjóðlegur fríkjöfunarkennari. Doktor Erla Björnsdóttir hélt fyrirlestur um svefnvenjur barna. Þar kom hún meðal annars inn á skjánotkun barna og unglunga. Anna Rósa, grasalæknir, kenndi fyrstu skrefin í smyrslagerð svo dæmi séu tekin. Leiðbeinendur á tómstundanámskeiðum voru allir sérfræðingar á sínu sviði og komu ýmist frá Akureyri, Reykjavík eða Norðurlandi vestra.



Frá námskeiði í floti á Blönduósi. Ljósmynd: Farskólinn.

5. Náms- og starfsráðgjöf

Markmið ársins 2018, sem sett voru fram í umsókn og í samningi við FA, náðust ekki að fullu árið 2018. Farskólinn fékk úthlutað 4.150.000 kr. til ráðgjafarinnar. Unnið var fyrir 4.067.700 kr. Farskólinn endurgreiddi 82.300 kr. til Fræðslusjóðs. Það vekur athygli að ekki fengust greiðslur fyrir 6 einstaklinga sem voru umfram lágmarkstölu ráðþega í hópráðgjöf en þannig eru reglurnar sem unnið er eftir. Þessi kafli er byggður á skýrslu sem send var til FA í janúar 2019 vegna ársins 2018.

Árið 2018 sinnti Sandra Hilmarsdóttir náms- og starfsráðgjöf í Farskólanum. Sandra fór í barneignarleyfi um miðjan nóvember 2018.

Samtals komu 269 einstaklingar í ráðgjöf til Farskólans árið 2018. Innan markhópsins voru 254 eða 94%. Utan markhóps voru 15 eða 6%. Tegund viðtala skiptust þannig: Sjá töflu 4:


Tafla 4. Taflan sýnir tegundir viðtala árið 2018 hjá Farskólanum.

Tegundir viðtala	Fjöldi	Fjöldi innan markh.	Fjöldi utan markh.
Ráðgjafaviðtal – fyrsta viðtal	50	48	2
Ráðgjafaviðtal – viðbótarviðtal	76	75	1
Hvatningarviðtal	1	1	
Hópráðgjöf	136	124	12
Hópráðgjöf (fleiri en 6 í hóp)	6	6	

Helstu viðfangsefni

Lagt hefur verið upp með að kjarninn í starfi ráðgjafans séu heimsóknir á vinnustaði á Norðurlandi vestra til að hitta sérstaklega þá einstaklinga sem tilheyra markhópi framhaldsfræðslunnar. Þessi hugmyndafræði gekk ekki alveg nógu vel eftir, árið 2018 að mati framkvæmdastjóra.


Árið 2018 kom 41 einstaklingur í ráðgjöf, eftir kynningu í fyrirtækjum og stofnunum. Það eru rúm 15% af þeim sem komu í ráðgjöf árið 2018. Langflestir komu að eigin frumkvæði eða samtals 99 einstaklingar. Sjá mynd 10.



Mynd 10. Myndin sýnir ástæðu viðtals. Orðalag er tekið úr skráningarkerfi Innu.


Ráðþegar

Af þeim ráðþegum sem komu í viðtal árið 2018 voru 194 eða 75% í starfi eða hlutastarfi. Atvinnuleitendur voru 59 eða 22%. Þeir einstaklingar sem voru í atvinnuleit komu í ráðgjöf fyrir tilstuðlan Vinnumálastofnunar. Sjá mynd 11.




Mynd 11. Myndin sýnir stöðu ráðþega þegar þeir komu í viðtal árið 2018.

Menntunarstaða ráðþega á Norðurlandi vestra var þannig að langstærsti hópurinn hafði einungis lokið grunnskóla eða „hafið nám í framhaldsskóla en ekki lokið námi“. Sjá mynd 12.



Mynd 12. Myndin sýnir menntunarstöðu ráðþega árið 2018.

Miðað við skráningar vekur það athygli hversu hátt hlutfall ráðþega á Norðurlandi vestra hefur ekki lokið framhaldsskóla.



Mynd 13. Myndin sýnir hversu hátt hlutfall ráðþega árin 2016 – 2018 hefur ekki lokið framhaldsskóla.

Breytingar á megináherslum

Undirrituð er á þeirri skoðun að of mikil áhersla sé lögð á „talningu“ viðtala. Að vissu leyti er talningin skiljanleg því einhver mælikvarði verður að vera á árangur. Framtíðarsýnin er þó sú að á starfssvæði hversrar fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar verði náms- og starfsráðgjafi í fullu starfi. Hans hlutverk verði að heimsækja vinnustaði og veita öllum fullorðnum ráðgjöf sem þess óska, hvort sem viðkomandi eru í núverandi markhópi eða ekki. Mælikvarðinn á árangur í starfi verði þá ekki talning viðtala, heldur verði fundinn annar mælikvarði.

Hlutverk náms- og starfsráðgjafa er viðamikill. Hann sinnir ráðgjöf, tekur viðtöl, aðstoðar við raunfærnimat og kennir einnig í vottuðum námsleiðum það efni sem hann er sérfræðingur í. Má þar nefna námstækni, skipulag og samskipti sem dæmi. Að frumkvæði Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins eru reglulega haldnir fundir með ráðgjöfum þar sem farið er yfir ýmis mál sem varða starf þeirra. Það má skerpa betur á endurmenntun ráðgjafa, jafnvel í tengslum við fundina.

6. Raunfærnimat

Farskólinn gerði samning við FA um nokkur verkefni tengd raunfærnimati árið 2018. Samningurinn hljóðaði upp á **4.797.250 kr** (4.658.220 kr. árið 2017). Ekki tókst að vinna verkefnið innan ársins 2018 en Farskólinn hefur 18 mánuði til að ljúka þeim eða til loka júní 2019. Farskólinn endurgreiddi Fræðslusjóði 226.420 kr. þar sem ekki tókst að uppfylla verkefni um gerð gátlista fyrir plastbátasmíði frá árinu 2017.

Tafla 5. Taflan sýnir hvaða greinar átti að taka til mats árið 2018.

Raunfærnimat í Farskólanum árið 2018			
Grein	Fjöldi		Athugasemdir
Iðngreinar í samstarfi við Iðuna	5		Markmið náðust og vel það.
Raunfærnimat á móti verslunarfagnámi	10		Fært yfir til 2019.
Raunfærnimat á móti hestabraut FNV	10		Fært yfir til 2019.

Verkefni í tengslum við raunfærnimat mega ná yfir 18 mánaða tímabil. Í júní 2018 var lokið við að raunfærnimeta 10 verslunarmenn og konur en það verkefni var frá árinu 2017.

Í iðngreinum, í samstarfi við Iðuna, voru samtals metnar 423 framhaldsskólaeiningar. Samtals komu 5 karlmenn í raunfærnimat í iðngreinum. Sá sem fékk flestar einingar metnar hafði starfað við pípulagnir og fékk hann 133 einingar á móti námskrá í pípulögnum; bæði skóla- og vinnustaðapætti.

Sandra Hilmarsdóttir, ráðgjafi, fór í barneignarleyfi undir lok ársins. Jóhann Ingólfsson og Aðalheiður Reynisdóttir, náms- og starfsráðgjafi, tóku tímabundið við verkefnum hennar.



Raunfærnimat (matsviðtal) á bak við luktar dyr í gegnum Skype. Verkefnastjóri er til stuðnings ef á þarf að halda. Ljósmynd Farskólinn.

7. Háskólanám

Formlegt fjarnám á háskólastigi, í tengslum við Farskólann, hófst á Norðurlandi vestra haustið 2002. Frá þeim tíma hafa verið starfrækt námsver og námsstofur á fjórum stöðum á Norðurlandi vestra. Í námsverunum hafa háskólanemar ágætis aðstöðu til náms og þar er einnig góður fjarfunda- og tölvubúnaður í eigu Farskólans. Sjá nánar í töflu 6.

Tafla 6. Taflan sýnir staðsetningu námsvera og námsstofa á Norðurlandi vestra og tengiliði.

Námsver og námsstofur á Norðurlandi vestra		
Staðir	Umsjónarmenn	Staðsetning
Hvammstangi	Vigdís Lillý Sigurjónsdóttir	Höfðabraut 6
Blönduós	Þórhalla Þórhallsdóttir Katharina Schneider	Blönduskóli Kvennaskólinn
Skagatrönd	Ólafur Bernódusson	Einbúastígur 2
Sauðárkrókur	Halldór Gunnlaugsson Jóhann Ingólfsson	Við Faxatorg

Sveitarfélögin, sjá að mestu leyti um rekstur námsveranna. Á Hvammstanga og Skagatrönd eru starfsmenn í hlutastarfi hjá sveitarfélaginu. Þekkingarsetrið á Blönduósi hefur umsjón með námsverinu á Blönduósi en það er til húsa í Kvennaskólanum. Háskólanemar fá lykla að námsverunum og hafa að þeim aðgang allan ársins hring.



Háskólanemi lætur fara vel um sig í námsverinu um leið og hann hlustar á fyrirlestur. Ljósmynd: Farskólinn.

Flestir háskólanemar í fjarnámi búa í Skagafirði. Árið 2018 voru tekin samtals 451 háskólapróf (391 háskólapróf árið 2017) í námsverunum. Ekki var haldin skráning yfir allar prófatökur á árinu. Sem dæmi um próf sem ekki voru skráð eru svokölluð heimapróf háskólanema sem ekki krefjast yfirsetu. Framhaldsskólanemar í fjarnámi, tóku sín próf í námsverunum nema þeir sem eiga heima í Skagafirði. Þeir tóku sín próf í FNV. Sjá nánar um háskólaprófin í töflu 7.

Tafla 7. Taflan sýnir fjölda skráðra háskólaprófa sem tekin voru í heimabyggð árið 2018.

Heildarfjöldi háskólaprófa á Norðurlandi vestra 2018					
	Sauðárkrókur	Blönduós	Hvammstangi	Skagaströnd	Samtals
Háskólar					
HA	208	64	29	14	315
HÍ	15	17	15	3	50
HR	20	6	5		31
Bifröst	9	2	11		22
LBHÍ	26		2		28
Keilir	1				1
Hólar		2	2		4
Samtals	279	91	64	17	451

Frá miðjum apríl og fram til loka maí og frá miðjum nóvember til miðs desember ár hvert koma háskólanemar í fjarnámi í námsverin og taka sín próf. Það hefur færst í vöxt að þeir sem eru í staðnámi (eru ekki fjarnemar) koma á sínar heimaslóðir til að taka prófin. Þeir eru velkomnir svo framarlega sem viðkomandi skóli samþykkir það.

Nokkur umsýsla fylgir háskólaprófunum. Prófin þarf að prenta út og leggja fyrir nemendur. Þau krefjast yfirsetu. Síðan eru úrlausnir skannaðar inn og varðveittar rafrænt tímabundið, á meðan úrlausnirnar eru á leið til viðkomandi háskóla með landpósti. Farskólinn starfar eftir ákveðnum reglum og vinnulagi sem fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar ásamt Háskólanum á Akureyri hafa komið sér saman um, til að tryggja að framkvæmd prófanna sé eins og best verður á kosið hverju sinni.

Háskólanemar greiða ekki gjald fyrir að koma og taka próf í Farskólanum. Jóhann Ingólfsson hefur yfirumsjón með prófatökum háskólanema hjá Farskólanum.

8. Gæðastarf

Farskólinn fékk formlega gæðavottun EQM (European Quality Mark) við lok ársins 2012 frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.



Myndin sýnir viðurkenningu EQM. Ljósmynd Farskólinn.

Undanfarin þrjú ár hefur gæðastarf í Farskólanum ekki verið tekið formlega út af matsaðilum enda var samningur sem FA gerði við matsaðila (BSI) útrunninn. Vorið 2018 var samþykkt á starfsmannafundi að fela tveimur starfsmönnum endurskoðun sjálfsmatslistanna. Í kjölfarið fóru allir starfsmenn sameiginlega í gegnum sjálfsmatslista, fylgiskjöl og gæðahandbók Farskólans. Áhersla var á að einfalda og stytta gæðahandbókina. Framkvæmdastjóri lagði mikla áherslu á það að starfsmenn fylgdu gæðastöðlum í hvívetna í starfi sínu. Ný gæðahandbók mun taka tillit til nýrrar persónuverndarlöggjafar sem innleidd var í maí 2018. Síðla árs var tekin sú stefna að fara í samstarf við aðrar fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar um EQM og mun sú vinna hefjast vorið 2019. Bryndís Þráinsdóttir, framkvæmdastjóri, hefur umsjón með gæðamálum Farskólans ásamt Halldóri Gunnlaugssyni.

Upplýsingar um EQM er að finna á slóðinni: <http://frae.is/gaedavottun/>
Upplýsingar má einnig finna á slóðinni: <http://www.europeanqualitymark.org/home/>

Farskólinn hlaut formlega viðurkenningu (endurnýjun) sem fræðsluaðili frá Menntamála-stofnun í upphafi árs 2017 til næstu þriggja ára.

9. Önnur verkefni

PERSÓNUVERNDARSTEFNA

Árið 2018 hófst vinna við að móta nýja persónuverndarstefnu fyrir Farskólann. Í lok árs var ákveðið að fara í samstarf við Símenntunarmiðstöðina á Vesturlandi og Fræðslumiðstöð Vestfjarða um verkefnið. Stefnt er að því að ný persónuverndarstefna fyrir Farskólann verði komin í gagnið haustið 2019. Bryndís Þráinsdóttir og Jóhann Ingólfsson halda utan um verkefnið fyrir hönd Farskólans.

FRÆÐSLUSTJÓRI AÐ LÁNI

Árið 2018 var gert ráð fyrir því að boðið yrði upp á „Fræðslustjóri að láni“ á Blönduósi, Húnavatnshreppi og Skagaströnd. Þær fyrirætlanir gengu ekki eftir. Verkefnið verður kynnt nýjum sveitarstjórum árið 2019.

Í kjölfar Fræðslustjóra að láni var unnið áfram eftir fræðsluáætlunum hjá HSN – Heilbrigðisstofnun Norðurlands í samstarfi við SÍMEY og Þekkingarnet Þingeyinga. Einnig var nokkur gróska í námskeiðahaldi fyrir sveitarfélagið Skagafjörð. Verkefnastjóri þessara verkefna var Halldór Gunnlaugsson. Jóhann Ingólfsson hélt utan um fræðsluáætlun fyrir sveitarfélagið Húnaþing vestra.

MARKVISS

Fjórir starfsmenn Farskólans hafa hlotið Markviss þjálfun. Markviss ráðgjafar Farskólans eru: Bryndís Þráinsdóttir, Halldór B. Gunnlaugsson, Jóhann Ingólfsson og Sandra Hilmarsdóttir. Engar formlegar þarfagreiningar fóru fram á árinu 2018 í fyrirtækjum eða stofnunum.

Markviss er ákveðin aðferðafræði og verkfærakista. Aðferðafræðin hefur verið notuð við greiningu á uppbyggingu starfsmanna innan fyrirstækja og stofnana, meðal annars til að kanna fræðsluþörf.


10. Samstarf

Helstu samstarfsaðilar Farskólans eru mennta- og menningarmálaráðuneytið og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins eins og fyrr hefur komið fram. Á hverju hausti fundar framkvæmdastjóri Farskólans með ráðuneyti mennta- og menningarmála um ársskýrslu og ársreikning ársins á undan. Haustið 2018 fór Erla Björk Örnólfsdóttir, stjórnarmaður, með framkvæmdastjóra á fundinn.

Aðrir samstarfsaðilar eru sveitarfélög á Norðurlandi vestra og SSNV – samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, en SSNV hefur styrkt nokkur verkefni Farskólans ásamt því að bjóða fram sérfræðiaðstoð og leiðbeinendur. Einnig má nefna stéttarfélög og Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra ásamt háskólum.

Kvasir

Farskólinn er aðili að Kvasi - samtökum fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á Íslandi. Samtals eru stöðvarnar ellefu að tölu og mynda þær net hringinn í kringum landið. Rauðu deplarnir á kortinu sýna hvar höfuðstöðvar miðstöðvanna eru ásamt útstöðvum eða námsverum (sjá bls. 42).



Myndin sýnir staðsetningu fræðslu- og símenntunarmiðstöðva innan Kvasis og útstöðvar þeirra.

Í stjórn Kvasis fyrri hluta ársins 2018 voru Guðjónína Sæmundsdóttir, MSS, formaður, Sólveig Hildur Björnsdóttir, Mími ásamt Guðrúnu Áslaugu Jónsdóttur frá Austurbrú. Á aðalfundi Kvasis vorið 2018 var ný stjórn kosin: Guðjónína Sæmundsdóttir, MSS, var kjörin formaður, Bryndís Þráinsdóttir, Farskólanum og Vigdís Ásmundsdóttir, Framvegis.

Forstöðumenn innan Kvasis funduðu reglulega á árinu auk þess sem á vegum Kvasis voru haldnir hefðbundnir vor- og haustfundir. Vorfundur Kvasis var haldinn í Stykkishólmi og haustfundurinn var haldinn á starfssvæði Farskólans; að Laugarbakka í Miðfirði þar sem Farskólinn var gestgjafi og sá um undirbúning og framkvæmd heima fyrir.



Á haustfundi Kvasis kynntu forstöðumenn og verkefnastjórar innan Kvasis sér atvinnulíf á Hvammstanga. Ljósmyndin er tekin í Kidka á Hvammstanga. Ljósmynd Farskólinn.

Leikn

Farskólinn er aðili að Leikn en Leikn eru samtök fullorðinsfræðsluaðila (framhaldsfræðslu) á Íslandi. Í stjórn Leiknar, starfsárið 2017 – 2018, voru: Guðrún Vala Elísdóttir frá Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi, formaður, Guðrún Lárusdóttir frá endurmenntun Landbúnaðarháskóla Íslands, Þuríður Sigurðardóttir, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Mími – símenntun og Helgi Þorbjörn Svavarsson frá SÍMEY. Heimasíða Leiknar er: www.leikn.is.

Á starfsárinu hélt Leikn meðal annars nokkra fræðslufundi í fjarfundi sem starfsfólk Farskólans hafði tækifæri til að sækja.


11. Húsnæði og búnaður

Vorið 2002 flutti Farskólinn skrifstofur sínar úr Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og í húsnæði í eigu sveitarfélagsins Skagafjarðar við Faxatorg á Sauðárkróki. Þar er námsver háskólanema í Skagafirði einnig til húsa.

Námsverin á Norðurlandi vestra eru ágætlega búin tækjum og húsgögnum. Þar geta fjarnemendur á háskólastigi og aðrir námsmenn fundið sér næði til að sækja kennslustundir, hlusta á fyrirlestra og læra.

Farskólinn á þá fjarfundarbúnaði sem enn eru til staðar í námsverunum en þeir eru lítið sem ekkert notaðir lengur. Farskólinn á einnig fartölvur, sem margar eru komnar til ára sinna. Ekki er fyrirhugað að kaupa nýjar fartölvur árið 2019. Þegar háskólanámið var að byrja á Norðurlandi vestra áttu nemendur sjaldan tölvur. Nú heyrir það til undantekninga ef nemendur eiga ekki sínar eigin fartölvur, sem þeir koma með í námsverin.

Starfsmenn Farskólans fóru á skólasýningu BETT í lok janúar 2018. Var það í fyrsta sinn sem allir starfsmenn Farskólans fara saman út fyrir landsteinana til að ná sér í þekkingu. Eftir þá heimsókn ákvað stjórn Farskólans að kaupa nýja rafræna töflu; nokkurs konar risa spjaldtöflu, í stærri kennslustofuna að Faxatorgi. Taflan hefur reynst vel það sem af er.



Jóhann Ingólfsson, verkefnastjóri æfir sig í stærðfræðikennslu. Ljósmynd Farskólinn.

Menntabréin, FS net og kerfisleiga

Árið 2011 var tekin í notkun ný Menntabréu vegna háskólanámsins sem mennta- og menningarmálaráðuneytið fjármagnaði. Háskólarnir (HA) hafa fært fyrirlestrana að öllu leyti „á netið“ og geta háskólanemar sótt þá þegar þeim hentar. Fjarfundir á Menntabréunni eru því nánast hættir. Jóhann Ingólfsson, ásamt Sunnu Þorsteinsdóttur, hélt utan um fjarkennslu og fjarfundi hjá Farskólanum ásamt því að sinna tæknimálum fyrir aðra tengda aðila. Þó verður

að segja að flestir starfsmenn komi á einhverjum tímapunktum að tæknimálum tengdum kennslunni.

FS netið er háhraðanet sem tengir saman alla framhaldsskóla á Íslandi og fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni. FS netið er í öllum námsverum og námsstofum á Norðurlandi vestra og greiða sveitarfélögin kostnað við það samkvæmt samningi. Umsýsla í kringum FS netið er komin yfir til Menntamálastofnunar. Jóhann Ingólfsson sinnir ákveðnum verkefnum fyrir Menntamálastofnun í tengslum við FS netið.

Haustið 2015 gerði Farskólinn samning um Microsoft Office 365. Heimasíða Farskólans, sem komin er nokkuð til ára sinna, var vistuð hjá Sensa ehf.

Innleiðing Innu

Farskólinn hefur undanfarin ár notað MySchool skráningar- og kennslukerfið í starfsemi sinni. Þátttakendur skráðu sig á námskeið í gegnum heimasíðu Farskólans og beint inn í MySchool. Haustið 2017 tók Farskólinn Innu í notkun. Innleiðingin gekk hægt en örugglega og það fylgdi henni mikil vinna. Inna var tekin í notkun að frumkvæmi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.



Innleiðing Innu, skráninga- umsókna- og kennslukerfis, telst nú lokið. Ýmsir hnökrar hafa komið upp við þessa innleiðingu og enn á eftir að slípa ýmsa vankanta á kerfinu og aðlaga betur að símenntunarmiðstöðvunum. Þrátt fyrir þetta tel ég þetta mjög jákvætt skref fyrir nemendur Farskólans. Að nemendur okkar geti á island.is séð allt það nám og þau námskeið sem þeir hafi lokið, bæði hjá Farskólanum sem og öðrum skólum, hlýtur að teljast til mikilla bóta fyrir alla aðila.

Gígja Hrund Símonardóttir, þjónustustjóri.

Starfsfólk Farskólans hefur setið námskeið í notkun Innu en mesta vinnan vegna innleiðingarinnar hefur hvíld á herðum þjónustustjóra Farskólans, Gígju Símonardóttur. Ennþá eru einhverjir vankantar í kerfinu sem verða sniðnir af er fram líða stundir.

12. Starfið framundan

Starfs- og fjárhagsáætlun Farskólans fyrir árið 2019 var send til mennta- og menningarmála-ráðuneytisins í byrjun mars 2019. Áætlunin hefur nú þegar tekið breytingum eins og við er að búast.

Vottaðar námsleiðir – markmið 2019

Haustið 2018 sótti Farskólinn um til Fræðslusjóðs, að kenna átta vottaðar námsleiðir árið 2019 fyrir samtals 16.237.000 kr. Í marsbyrjun barst svar frá Fræðslusjóði um að styrkur vegna kennslu vottaðra námsleiða yrði allt að 12.210.000 kr. Markmið Farskólans er að bjóða námskeiðin um allt Norðurland vestra. Námskeiðin eru kennd í rauntíma og ef hópar eru á fleiri en einum stað er kennt í gegnum Skype til námsveranna. Það er ljóst að þessi fjárhæð dugar ekki til þeirra verkefna sem áætlað var að kenna. Er það slæmt, sérstaklega þegar höfð er í huga, koma sýrlenskra flóttamanna til Hvammstanga og Blönduóss en hægt hefði verið að nýta fjármagn til fræðsluverkefna fyrir þann hóp einnig. Farskólinn mun sækja um aukafjárveitinga haustið 2019. Sjá töflu 8.

Tafla 8. Námskrár sem áætlað er að kenna árið 2019 og tímarammi framkvæmdar.

Heiti námskrár	J	F	M	A	M	J	J	Á	S	O	N	D
Leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabréf (50%)												
Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum (70%)												
Grunnnámskeið fyrir starfsfólk fiskvinnslu Búlg - (100%)												
Grunnnámskeið fyrir starfsfólk fiskvinnslu Pólv - (100%)												
Grunnnámskeið fyrir starfsfólk fiskvinnslu Ísl - (100%)												
Matarsmiðja – Beint frá býli (100%)												
Skref til sjálfshjálpar (100%)												
Að lesa og skrifa á íslensku (100%)												

Starfsmenn Farskólans skipta á milli sín verkefnastjórn í vottuðum námsleiðum eftir verkefnastöðu á hverjum tíma.

Árið 2019 verður lögð áhersla á eftirtalda námskeiðsflokka

- Starfstengd námskeið:
 - Námskeiðsröð fyrir bændur á Norðurlandi vestra.
 - Skyndihjálpar, samskipti, næringarfræði, hreyfing, tölvunámskeið.
 - Námskeið fyrir almenna starfsmenn HSN, Húnaþings vestra, sveitarfélagsins Skagafjarðar og KS.
 - Námskeið fyrir stéttarfélögin á Norðurlandi vestra.

- Gagn og gaman: Áhersla á heilbrigði og vellíðan; andlega vellíðan, hreyfingu og matjurtaræktun.

Árið 2019 verður áfram gert ráð fyrir að Farskólinn bjóði fullorðnu fólki, sem ekki hefur lokið framhaldsskóla, upp á nám af ýmsum toga. Farskólinn ætlar einnig að einbeita sér enn frekar að atvinnulífinu á svæðinu. Til að þessi markmið náist verða starfsmenn á ferðinni um allt starfssvæði Farskólans.

Farskólinn mun áfram bjóða upp á ráðgjöf og raunfænimat. Í raunfænimati verður lokið við raunfænimatsverkefni frá árinu 2018 fyrir hestamenn og fólk sem starfar við verslunarstörf ásamt því að meta á mótí námskrá fyrir leikskólaliða- og stuðningsfulltrúa.

13. Lokaorð

Samkvæmt gögnum sem unnin voru upp úr Vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands og birtast í skriflegum tillögum mennta- og menningarmálaráðuneytisins um reiknireglu við skiptingu framlaga til framhaldsfræðslu er markhópur fullorðinsfræðslunnar, 25 – 65 ára á Íslandi, samtals 180.568 einstaklinga árið 2018. Þeir sem einungis hafa lokið grunnskóla (markhópur framhaldsfræðslunnar) eru samtals 39.949 að tölu. Á Norðurlandi vestra er markhópur fullorðinsfræðslunnar 3.456 og af þeim hafa 1.179 eingöngu lokið grunnskóla eða 34%. Hlutfallið fer til allrar hamingju lækkandi því árið 2013 mældist þessi hópur 41% á Norðurlandi vestra.

Samkvæmt drögum að reiknireglu ráðuneytisins eru 363,4 milljónir króna til skiptanna á milli fræðsluaðila innan framhaldsfræðslunnar árið 2019. Tillaga hefur verið gerð um eftirfarandi reiknireglu:

- | | |
|--|---------------|
| • Stærð markhóps á starfssvæði | Hlutfall: 15% |
| • Stærð hóps sem eingöngu hefur lokið grunnskóla | Hlutfall: 15% |
| • Fjöldi námsvera á starfssvæði | Hlutfall: 10% |
| • Vegna grunngerðar (allir fá jafnt) | Hlutfall: 60% |
| • Vegna háskólaþjónustu | 0 |

Farskólinn fagnar því að komin sé fram tillaga um reiknireglu en þykir miður að í tillögunum sé ekki lengur gert ráð fyrir fjármagni til Farskólans vegna háskólanáms eins og verið hefur frá árinu 2008 þegar ákveðið var að fjölga störfum á Norðurlandi vestra í gegnum svokallaða Norðvesturnefnd (hina fyrri) og eitt starf fékkst til Farskólans eyrnamerkt háskólanámi. Í tillögunum segir „að það sé eðlilegt að þeir háskólar sem óska eftir þjónustu stöðvanna vegna sinna nemenda, greiði eðlilegt gjald vegna þeirrar þjónustu“. Fram til þessa hafa háskólarnir ekki greitt fyrir þessa þjónustu, sem felur meðal annars í sér aðgang að námsaðstöðu og prófatökum í heimabyggð.

Þrátt fyrir að tölurnar sýni að fullorðnum einstaklingum á Norðurlandi vestra, sem eingöngu hafa lokið grunnskólaprófi fari fækkandi, þá teljum við að enn sé verk að vinna á Norðurlandi vestra við að hækka menntunarstig íbúa. Farskólinn mun halda áfram að leggja sín lóð á vogarskálarnar með því að bjóða upp á vottað nám, raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf ásamt almennri endur- og símenntun fyrir íbúa svæðisins.


Fyrir hönd stjórnar Farskólans, er starfsfólki og samstarfsaðilum skólans, færðar þakkir fyrir gott samstarf á árinu 2018.

Sauðárkrókur í apríl 2019.


Bryndís Kristín Þráinsdóttir, framkvæmdastjóri.

Fylgiskjöl


Yfirlit yfir fjölda námsmanna, kennslustunda og nemendastunda frá árinu 2008 til ársins 2017.



Myndin sýnir fjölda námsmanna frá árinu 2009.



Myndin sýnir fjölda kennslustunda frá árinu 2009.



Myndin sýnir fjölda nemendastunda frá árinu 2009..

Yfirlit yfir námskeið Farskólans árið 2018

	Heiti námskeiðs Vorönn 2018	Hvar	Nem	Nem	Kest	Nemst	Kon	Karl
1	Andleg vellíðan (vanlíðan) í lífi og starfi - FISK	Sauðárkrókur	7	7	4,5	31,5	7	0
2	Beint frá býli -Smiðja	Sauðárkrókur	18	18	120	2160	9	9
3	Borðum okkur til betri heilsu	Sauðárkrókur	55	55	3	165	54	1
4	Bætt öndun og aukin súrefnisinntaka	Sauðárkrókur	18	18	4,5	81	14	4
5	Félagsliðabré	Sauð./Blö./Hvt.	10			0	10	0
	Næringarfræði - NÆR 2A05			9	45	405		0
	Samskipti og samstarf - SAS 1A05			3	45	135		0
	Fötun - FTL 2B05			10	45	450		0
	Öldrun - ÖLD 3A05			10	45	450		0
6	Fjölmennt - Myndlist	Sauðárkrókur	4	4	24	96	3	1
7	Fjölmennt - Tónlist	Sauðárkrókur	6	6	7,5	45	4	2
8	Frá umsókn til atvinnu	Sauðárkrókur	2	2	4,5	9	1	1
9	Frá umsókn til atvinnu	Blönduós	7	7	4,5	31,5	2	5
10	Google - Leikskólinn Krummakot	Sauðárkrókur	17	17	2	34	17	0
11	Hafðu trú á eigin getu	Sauðárkrókur	65	65	4,5	292,5	62	3
12	HSN - Gæðahandbók	Sauð./ Blö./Sst	3	3	1	3	3	0
13	HSN - Hafðu áhrif á eigið líf	Blönduós	12	12	4,5	54	10	2
14	HSN - Innri vefur	Sauð./ Blö./Skagast.	3	3	1	3	3	0
15	HSN - InterRAI	Sauðárkrókur	11	11	8,25	90,75	11	0
16	HSN - Jóga, hópur 1	Sauðárkrókur	5	5	6	30	5	0
17	HSN - Jóga, hópur 2	Sauðárkrókur	5	5	6	30	5	0
18	HSN - Skyndihjálp 12 klst.	Sauðárkrókur	6	6	18	108	6	0
19	HSN - Skyndihjálp 4 klst.	Blönduós	12	12	6	72	12	0
20	HSN - Starfsmannasamtöl	Sauð./ Blö./Sk	11	11	3	33	11	0
21	HSN - Svefn og svefnvenjur	Sauðárkrókur	9	9	4,5	40,5	9	0
22	HSN - Þjónandi leiðsögn	Sauðárkrókur	14	14	42	588	14	0
23	Húnaþing vestra - Austurlensk matargerð	Hvammstangi	6	6	4	24	3	3
24	Húnaþing vestra - Borðum okkur til betri heilsu	Hvammstangi	13	13	3	39	13	0
25	Íslenska fyrir útlendinga 2	Hvammstangi	8	8	60	480	5	3
26	Íslenska fyrir útlendinga 2	Sauðárkrókur	9	9	60	540	6	3
27	Íslenska fyrir útlendinga 3	Sauðárkrókur	7	7	60	420	6	1
28	Íslenskar lækningajurtir	Sauðárkrókur	11	11	3,75	41,25	10	1
29	KS - Skyndihjálp - 12 klst. námskeið	Sauðárkrókur	7	7	18	126	2	5
30	KS - Skyndihjálp - hópur 1	Sauðárkrókur	9	9	6	54	1	8
31	KS - Skyndihjálp - hópur 2	Sauðárkrókur	8	8	6	48	0	8
32	KVH - Skyndihjálp - hópur 1	Hvammstangi	10	10	6	60	3	7
33	KVH - Skyndihjálp - hópur 2	Hvammstangi	8	8	6	48	5	3
34	Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum 9	Sauð./Blö./Hva.	15				5	10
	Danska - DANS1AA05			7	40	280		
	Enska - ENSK2OT05			11	40	440		
	Íslenska - ÍSLE1HF05			6	40	240		

	Íslenska - ÍSLE2MB05			9	40	360		
	Stærðfræði - STÆR1IB05			13	40	520		
35	Ostagerð	Sauðárkrókur	18	18	10,5	189	9	9
36	Ræktum okkar eigin ber	Sauðárkrókur	13	13	6,75	87,75	10	3
37	Sefur barnið þitt nóg	Sauðárkrókur	23	23	3	69	21	2
38	Sjálfstyrking og umönnun aldraðra	Skagaströnd	13	13	17	221	13	0
39	Skagafjörður - Er ekki allt gott að fréttu?	Sauðárkrókur	8	8	4,5	36	8	0
40	Skagafjörður - Er ekki allt gott að fréttu?	Hofsós	19	19	4,5	85,5	16	3
41	Skagafjörður - Núvitund	Varmahlíð	26	26	12	312	25	1
42	Skagafjörður - OneNote námskeið, hópur 1	Sauðárkrókur	11	11	3,75	41,25	9	2
43	Skagafjörður - OneNote námskeið, hópur 2	Sauðárkrókur	12	12	3,75	45	11	1
44	Skagafjörður - Skyndihjálp 12 klst., hópur 1	Sauðárkrókur	9	9	18	162	9	0
45	Skagafjörður - Skyndihjálp 12 klst., hópur 2	Sauðárkrókur	7	7	18	126	7	0
46	Skagafjörður - Skyndihjálp 4 klst.	Sauðárkrókur	7	7	6	42	7	0
47	Skagafjörður - Skyndihjálp 4 klst. - félagsþj. Blö	Blönduós	5	5	6	30	4	1
48	Smyrslanámskeið	Sauðárkrókur	13	13	3,75	48,75	12	1
49	Viskínámskeið - nálægt bílprófsaldri	Sauðárkrókur	19	19	3	57	0	19
			614	667	1013	10710	492	122

	Heiti námskeiðs haustönn 2018	Hvar	Nem	Nem	Kest	Nemst	Kon	Karl
1	Beint frá býli	Hvt./Blö./Skagastr.	15	15	60	900	13	2
2	Bændaröð - Fars, pylsu og bjúgn, hóp 1	Skagaströnd	6	6	10,5	63	3	3
3	Bændaröð - Fars, pylsu og bjúgn, hóp 2	Skagaströnd	6	6	10,5	63	4	2
4	Bændaröð - Hrápysugerð	Skagaströnd	6	6	10,5	63	3	3
5	Bændaröð - Söltun og reyking	Skagaströnd	11	11	6	66	6	5
6	Bændaröð - Úrbeining, hópur 1	Skagaströnd	5	5	10,5	52,5	2	3
7	Bændaröð - Úrbeining, hópur 2	Skagaströnd	6	6	10,5	63	4	2
8	Bændaröð - Úrbeining, hópur 3	Skagaströnd	4	4	10,5	42	2	2
9	Bændaröð - Úrbeining, hópur 4	Skagaströnd	7	7	10,5	73,5	4	3
10	Fjölmennt - Boðið til veislu - smáréttir	Sauðárkrókur	4	4	15	60	4	0
11	Fjölmennt - Tækjaleikfimi - Þreksport	Sauðárkrókur	4	4	20	80	1	3
12	HSN - Konfektgerð	Blönduós	8	8	4	32	8	0
13	HSN - Konfektgerð, hópur 1	Sauðárkrókur	11	11	4	44	11	0
14	HSN - Konfektgerð, hópur 2	Sauðárkrókur	12	12	4	48	12	0
15	HSN - Líknar- og lífslokameðferð	Sauðárkrókur	36	36	7,5	270	33	3
16	HSN - Saga skráning - hjúkrmeðferðgr	SKYPE	1	1	3	3	1	0
17	HSN - Sigráðu sjálfan þig	Blönduós	12	12	3	36	10	2
18	HSN - Sigráðu sjálfan þig	Sauðárkrókur	17	17	3	51	17	0
19	HSN - Starfslokanámskeið	Sauðárkrókur	18	18	12	216	17	1
20	HSN - Þjónandi leiðsögn, hópur 1	Sauðárkrókur	24	24	6	144	24	0
21	HSN - Þjónandi leiðsögn, hópur 1	Blönduós	12	12	6	72	12	0
22	HSN - Þjónandi leiðsögn, hópur 2	Sauðárkrókur	25	25	6	150	25	0
23	HSN - Þjónandi leiðsögn, hópur 2	Blönduós	11	11	6	66	11	0
24	Húnaþing vestra - Kvíði barna og ungli	Hvammstangi	38	38	5,25	199,5	36	2

25	Húnaþing vestra - Skyndihjálpi 12 klst.	Hvammstangi	11	11	18	198	7	4
26	Húnaþing vestra - Skyndihjálpi, 12 klst., Gru	Hvammstangi	8	8	18	144	5	3
27	Húnaþing vestra - Skyndihjálpi, 4 klst.	Hvammstangi	3	3	6	18	2	1
28	Íslenska fyrir útlendinga 1	Sauðárkrókur	7	7	60	420	4	3
29	Íslenska fyrir útlendinga 2	Hvammstangi	6	6	60	360	5	1
30	Íslenska fyrir útlendinga 3	Hvammstangi	6	6	60	360	4	2
31	Leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabréf	Sauð/Blö	15	15			15	0
	Upplýsingatækni			15	4	60		0
	Gagnrýnin hugsun og siðfræði			14	45	630		
	Uppeldisfræði 1			11	45	495		
	Kennslustofan og nemandinn			15	45	675		
32	Mannlegi millistjórnandinn	Sauðárkrókur	11	11	24	264	10	1
33	Nám og þjálfun 10 (9 á haustönn.15 sat)	Sau/Blö/Ska/Hv	9			0	2	7
	Námstækni			11	15	165		
	Íslenska 1			6	40	240		
	Stærðfræði 1			9	40	360		
34	Skagafjörður - Fræðslud skól í Skagaf	Sauðárkrókur	40	40	7,5	300	36	4
35	Skagafjörður - Að byggja brýr - Kleifart	Sauðárkrókur	16	16	4,5	72	11	5
36	Skagafjörður - Að byggja brýr - Fellstún	Sauðárkrókur	7	7	4,5	31,5	6	1
37	Skagafjörður - Að byggja brýr hópur 1	Blönduós	5	5	4,5	22,5	1	4
38	Skagafjörður - Að byggja brýr - hópur 2	Blönduós	6	6	4,5	27	3	3
39	Skagafjörður - Að byggja brýr - Safnah	Sauðárkrókur	8	8	4,5	36	6	2
40	Skagafjörður - Að veita framúr þjónustu	Sauðárkrókur	16	16	6	96	15	1
41	Skagafjörður - Erfið starfsmannamál	Sauðárkrókur	13	13	12	156	11	2
42	Skagafjörður - Samsetning skólamáltíða	Hofsós	13	13	4,5	58,5	13	0
43	Skagafjörður - Sigráðu sjálfan þig	Sauðárkrókur	14	14	10,5	147	14	0
44	Skagafjörður - Skyndihjálpi 12 klst.	Sauðárkrókur	11	11	18	198	7	4
45	Skagafjörður - Skyndi 12 klst. - sambýlið	Blönduós	7	7	18	126	1	6
46	Skagafjörður - Skyndihjálpi 4 klst.	Sauðárkrókur	15	15	6	90	13	2
47	Skagafjörður - Skyndihjálpi 4 klst.	Sauðárkrókur	17	17	6	102	13	4
48	Skagafjörður - Skyndihjálpi 4 klst. Birkil	Varmahlíð	12	12	6	72	12	0
49	Skagafjörður - Skyndihjálpi 4 klst. Skóli.	Varmahlíð	28	28	6	168	26	2
50	Skyndihjálpi FISK, hópur 1	Sauðárkrókur	17	17	6	102	13	4
51	Skyndihjálpi FISK, hópur 2	Sauðárkrókur	15	15	6	90	12	3
52	Stéttarfélag - Allt um Google	Hvammstangi	15	15	4,5	67,5	9	6
53	Stéttarfélag - Álag, streita og kulnun	Blönduós	11	11	4,5	49,5	11	0
54	Stéttarfélag - Álag, streita og kulnun	Sauðárkrókur	21	21	4,5	94,5	17	4
55	Stéttarfélag - Langar þig að vera óstöðv	Sauðárkrókur	14	14	4,5	63	12	2
56	Stéttarfélag - Langar þig að vera óstöðv	Hvammstangi	9	9	4,5	40,5	7	2
57	Viskínámskeið - vetur, sum, vor og haust	Sauðárkrókur	15	15	4,5	67,5	1	14
			720	792	886	9524	587	133

Helstu ráðstefnur og fundir árið 2018

Dagsetning	Erindi	Starfsmenn
24. - 28. jan.	„BETT“ skólasýning í Lundúnum.	BP, HG, JI, NJ, SH.
6. feb.	Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Kvasir.	BP
23. feb.	Fundur með náms- og starfsráðgjöfum. Rvk.	BP, SH.
8. mars.	Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Framhaldsfræðslan.	BP.
28. – 29. maí.	Fundur með Kvasi í Reykjavík – BP situr í stjórn.	BP.
28. ág.	Kvasir – fundur í Rvk.	BP.
25. – 26. sept.	Hautfundur Kvasis á Laugarbakka.	BP., HG., JÍ., SH.
17. sept.	Ráðstefna um nám fullorðinna í Reykjavík.	BP.
29. okt.	Kvasir – fundur í Rvk.	BP.
31. – 1. nóv.	Fundur með náms- og starfsráðgjöfum á Egilsstöðum.	BP.
14. – 15. nóv.	EQM og Persónuverndarmál. Unnið í Rvk.	BP
28. – 30. nóv..	Kvasir , ársfundur FA og fundur í ráðuneyti um ársreikning.	BP og EBÖ.